

Matvælaráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2023

**Umsögn Starfsgreinasambands Íslands við „Auðlindin okkar – sjálfbær sjávarútvegur“
Sent í gegnum samráðsgátt stjórnvalda (Mál 159/2023)**

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) hefur yfirfarið lokaniðurstöður *Auðlindarinnar okkar* sem kynntar voru 29. ágúst sl. Þann 27. febrúar 2023 sendi SGS inn umsögn um bráðabirgðaniðurstöður *Auðlindarinnar okkar* og er ekki að sjá að tillit hafi verið tekið til hennar í lokaniðurstöðunum nema að sáralitlu leyti og því vísnum við á ný til innihalds þeirrar umsagnar¹.

Á fundum samráðsnefndar hefur fulltrúi SGS lagt sig fram um að tala máli landverkafólks í sjávarútvegi, en ekki er að sjá að það hafi skilað sér sem nokkru nemur í lokaniðurstöðurnar. Raunar er það svo að ýmislegt er gagnrýnivert við það meinta samráð sem á að hafa átt sér stað við samráðsnefndina og vísnum við í bókun sem sjó aðilar úr nefndinni lögðu fram 20. september 2023².

Í lokaniðurstöðum starfshópa *Auðlindarinnar okkar*, sem birtist í skýrslunni *Sjálfbær sjávarútvegur*, er að finna fjöldann allan af þörfum tillögum sem og góðum og gildum markmiðum. Umhverfið er sett í öndvegi, sem er vel. Það er jákvætt að árangursmæla eigi kerfi strandveiða, enda markmið strandveiða að styrkja sjávarbyggðir og íbúa vítt og breitt um landið. SGS styður heilshugar markmið um eflingu náms og námsframboðs sem lögð eru fram en vill ítreka mikilvægi þess að fjármagn fylgi þessum tillögum.

Starfsgreinasambandið gerir sérstakar athugasemdir við að lokaniðurstöðurnar fjalla sáralítið um landverkafólk, fólkið sem skapar verðmætin, en varða frekar útgerðir og hagsmuni þeirra. Við hörmum það að fullvinnsla aflu hérlendis er ekki eitt af markmiðunum og að þau verðmæti sem felast í fullvinnslu verði áfram flutt úr landi til lágláunarsvæða erlendis. Ekkert markmið snýr að afnámi tolla og fríverslun með unnar fiskafurðir, en með því yrði aðgengi að mörkuðum betur tryggt og styrkari stoðum rennt undir grundvöll fiskvinnslu innan landsteinanna.

¹ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3379&uid=be8f31ee-6ab7-ed11-9bb8-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3379&uid=be8f31ee-6ab7-ed11-9bb8-005056bcce7e)

² <https://www.sgs.is/media/2022/audlindin-okkar-bokun-fulltrua-i-samradsnefnd-um-ferli-og-nidurstodur-200923-lokautgafa.pdf>

Markmið sem taka á öryggismálum fjalla öll um sjófarendur, sem er þarft. Engin markmiðanna varða hins vegar öryggi og heilsu landverkafólks í sjávarútvegi sem þó er brýnt að taka á, eins og tölfræði um örorkubyrði lífeyrissjóðanna og sterkar vísbendingar um styttri ævilengd þessa hóps gefa til kynna. Markmið um að taka á öryggismálum og lýðheilsu landverkafólks eru brýnni en nokkru sinni fyrir nú þegar ljóst er að stjórnvöld hafa til sérstakrar skoðunar að afnema jöfnunarframlag ríkissjóðs til lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna.

Í tillögunum er ekkert fjallað um hvernig skuli stöðva að kjölfestufyrirtæki með kvóta séu keypt úr byggðalögum og fótunum þannig kippt undan atvinnu- og mannlífi þar. Sömuleiðis skortir sárlega markmið um að styrkja innviði í sjávarbyggðum á landsbyggðinni, t.a.m. raforkudreifingu og vatnsveitur, en víða um land er aðgangur að raforku og neysluvatni ótryggur sem hefur bein og óbein áhrif á búsetuskilyrði og atvinnuöryggi á þeim svæðum.

Með verkefninu Auðlindin okkar var lagt upp með metnaðarfull markmið og fjölmargir hafa lagt af mörkum mikla vinnu til að skapa þessar lokaniðurstöður um framtíðarstefnu um sjávarútveg. Að ekki skuli vikið einu orði að öllum þeim þúsundum sem vinna í landi við sjávarútveg og í tengdum störfum er í raun afrek út af fyrir sig en vekur upp stórar spurningar um hvort stjórnvöld ætli sér yfirleitt að hafa stefnu í lýðheilsu málum og atvinnuöryggi fólks um allt land.

Starfsgreinasamband Íslands skorar á Alþingi að reikna með fiskverkafólki og öðru landverkafólki í sjávarútvegi til framtíðar en skrifa þau ekki út úr framtíð sjávarútvegs með þessari skýrslu.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands,



Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri SGS